Fréttabréf Brekkuskóla

15. desember 2010
3. tbl. skólaárið 2010—2011
Ábyrgðamaður Stella Gústafsdóttir

Kæra skólasamfélag.

Þá fer þessu ári senn að ljúka. Vert er að horfa um öxl til hins liðna, skoða það sem vel hefur tekist og nýta sem veganesti á næsta ári. Með jákvæðu hugarfari og viðhorfi til lífsins er hægt að takast á við margan vandann. Við hér í Brekkuskóla kappkostum m.a. í gegnum þarfirnar og gildi Uppbyggingarstefnunnar að gera starfið sífellt betra. Að sama skapi stefnum við ávallt á að öllum líði sem best í skólanum. Þetta á jafnt við um nemendur sem og starfsfólk skólans. Á komandi ári munum við halda áfram að læra um Uppbyggingarstefnuna og tengja hana eineltisáætlun Olweusar. Í fréttabréfi Brekkuskóla gefur að líta smá sýnishorn af því sem hefur verið að gerast. Einnig ber að minna á heimasíðuna brekkuskoli.is en þar má nálgast ýmsar upplýsingar sem og helstu fréttir.

Við í Brekkuskóla óskum ykkur gleðilegrar hátíðar og vonum að þið eigið notalegar stundir í vændum.

Við sendum ykkur kærar jólakveðjur með einkunnarorðum skólans:

Menntun, gleði, umhyggja, framfarir.

Með vinsemd,

Stella aðstoðarskólastjóri

Framundan...

Desember 2010

15.des. brekkuvisjón miðstigs

20. des. litlu jólin

21.des. jólafrí hefst

Janúar 2011

3.jan. starfsdagur kennara

4. jan. viðtöl

5. jan. viðtöl

6. jan., þrettándinn, kennsla hefst

Brekkuskóli
v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brek.akureyri.is

ELDVARNARFRÆÐSLA

Eldvarnarfræðsla fyrir 3. og 7. bekk fór fram í nóvember og byrjun desember. Rætt var við nemendur um helstu hættur og varnir gegn eldsvoða. Þeim voru einnig kynnt helstu öryggistæki sem ættu að vera til staðar á hverju heimili. **SG**

LITLU JÓLIN

Frístund opnar kl. 08:00 fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í **2., 4., 6. og 10**. bekk mæta kl. 08:00 í heimastofur. Kl. 09:00 koma þau á sal skólans, þar sem dansað verður kringum jólatréð. Skóladegi lýkur kl. 10:00 og Frístund opnar þá fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í **3., 7. og 9.** bekk mæta klukkan 09:00 í heimastofur. Kl. 10:00 koma þau á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatréð. Skóladegi lýkur um kl. 11:00 og Frístund verður opin fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í **1., 5. og 8**. bekk mæta kl. 10:00 í heimastofur. Kl. 11:00 koma þau á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatréð. Skóladegi lýkur um kl. 12:00. Frístund verður opin fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Eftir þennan dag eru nemendur komnir í jólafrí. **Skólinn hefst aftur með viðtölum þriðjudaginn 4. og miðvikudaginn 5. janúar 2011. Viðtalsboð verða send út í tölvupósti dagana fyrir litlu jólin.**

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá fimmtudaginn 6. janúar. **SG**

AFMÆLISBOÐ NEMENDA

Stjórnendur og kennarar vilja, að gefnu tilefni, biðja foreldra og forráðmenn að senda nemendur ekki með afmælisboðskort til að dreifa í skólanum. Hægt er að nota Mentor til að senda á foreldra með því að haka við þá sem eiga að fá póst og senda boðið þannig rafrænt. **SG**

BAKSTUR

1. bekkur fór í heimilsfræðistofuna í vikunni og bakaði "jólatré". Nemendur sem og kennarar skemmtu sér konunglega og dásamlegan ilm lagði um ganginn. Nemendur fengu síðan að fara með afraksturinn heim. **SG**

Fleiri myndir má sjá á heimasíðu skólans undir myndir.

STÓRA UPPLESTRARKEPPNIN

Markmið upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga á vönduðum upplestri og framburði. Höfuðáherslan er lögð á bekkjarstarfið og að allir nemendur njóti góðs af. Kennarar nýta þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við marga þætti móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framburð, og reyna að fá alla til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju.

Stóra upplestrarkeppnin fyrir 7. bekk hófst veturinn 1996 - 1997 með þátttöku 223 barna í Hafnarfirði og á Álftanesi. Sex árum síðar voru börnin 4579 úr 151 skóla hringinn í kringum landið. Upplestrarkeppnin er ekki "keppni" í neinum venjulegum skilningi heldur þróunarverkefni.

Keppnin er haldin að frumkvæði áhugafólks um íslenskt mál í samvinnu við skólaskrifstofur, skóla og kennara. Þátttaka í upplestrarkeppninni stendur öllum 7. bekkjum landsins til boða. Keppnin hefst á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, ár hvert og lýkur í mars. **SG**

SMÁSAGNAKEPPNI Í 5. BEKK

Í tilefni af 10 ára afmæli Íslandsklukkunnar við Háskólann var efnt til smásagnakeppni meðal barna í 5. bekk grunnskólanna á Akureyri. Keppnin var í samstarfi við Akureyrarbæ og Háskólann á Akureyri. Þemað var Framtíðarsýn Akureyri 2020. Tvenn verðlaun komu í hlut Brekkuskóla: **Sigurlaug Birta Helgadóttir var í öðru sæti** og **Ari Orrason í því þriðja.SG**

LÍTILL TEIKNARI

Í fjórða bekk EJ er ungur drengur, **Egill Bjarni**, sem hlotið hefur verðskuldaða athygli fyrir teiknimyndasögu sína. Hann hefur að mestu leyti unnið að henni í Frístund. Kennarinn hans Erna Jónsdóttir ljósritaði eitt eintak fyrir hann og annað til að hafa í Frístund. Hér má líta sýnishorn af teiknimyndasögunni.**SG**

LAUFABRAUÐ

Í vetur eru tveir valhópar í heimilisfræði hjá Önnu Guðnýju. Í síðustu tímum gerðu báðir hóparnir laufabrauð. Fyrst bjuggu þau til deigið, síðan var skorið út og að lokum steikt. Nemendur stóðu sig með prýði og skemmtu sér mjög vel meðan á vinnunni stóð.

Hér eru nokkrar myndir og sjá má fleiri á heimasíðunni undir „myndir“ til hægri á val-slá.

SG

LAUFABRAUÐ ÖMMU

3 dl mjólk
500 gr hveiti
1 msk sykur
1/4 tsk salt
1/2 tsk lyftiduft
1/2 tsk hjartarsalt
30 gr smjör eða smjörlíki

Þetta gerir 25-30 kökur.
Muna að pikka kökurnar fyrir steikingu

-Mjólkin hituð að suðu, smjörið látið bráðna í mjólkinni.
-Sykur og salt sett útí mjólkurblönduna.
-Látið kólna aðeins.
-Setjið mjólkurblönduna saman við hveitið, lyftiduftið og hjartarsaltið.
-Hnoðið saman og rúllið í lengju.
-Skerið hæfilegar sneiðar og breiðið út með kökukefli, mjög þunnt.
-Skerið kökurnar undan diski með kleinujárni.

SAFT– ráðstefna var haldin í Reykjavík með þátttöku nemenda úr 8.bekk frá flestum skólum landsins. Þær **Þórkatla Haraldsdóttir, Helena Valdís og Lovísa Ýr**, allar í 8.HS bekknum, voru fulltrúar Brekkuskóla á þessari rástefnu.

En hvað er SAFT?

“Einhverskonar netöryggisráð fyrir unglinga sem miðar að því að stöðva einelti og ofbeldi á netinu. Það er nauðsynlegt að fræða nemendur um hættur sem steðja að þeim á netinu”.

Hvað gerðu þær á fundinum?

“Komum saman af öllu landinu. Umræðan var um rafræn skilríki t.d. í bönkum, sem kosta nemendur ákv. upphæð á mánuði”. Þær álíta að of dýrt verði að setja allar tölvur með skanna fyrir þessi rafrænu gögn.

En helsta hættan við netið er sú að óvandaðir menn geta nýtt sér einkennisgögn til að villa á sér heimildir og efnt til “trúnaðarsambands” sem getur reynst hættulegt. Ekki þarf að hafa mörg orð um hvað samtíminn getur glímt við hættulega aðila á þessu sviði.

Hvað sjáið þið sem “öruggan aðgang” fyrir ykkur á netinu?

Þær leggja til að mismunandi auðkennislykill verði á Facebook, annar á Twitter o.þ.h.

Bæði Rúv og Fréttablaðið tóku viðtöl við nokkrar stúlkur og gerðu frétt um málið.

Það verður skólanum til gagns að fá þessa umræðu hjá nemendunum og ekki mun af veita.

Til gamans má geta þess að nú eru vel flest viðskiptakort (debet- og kreditkort) komin með örflögur með persónuupplýsingar um eigandann. Þegar þau kort eru notuð sést að þessi persóna er að sýsla við færsluna. Börn og unglingar eru oft mjög opin varðandi efni sem þau setja á netið og víla ekki fyrir sér að setja inn djarfar myndir af sér enda eru þær ekki ætlaðar alheimi heldur aðeins “nánustu vinkonu”.En… þetta fer óvart lengra. **SÓ**



BREKKUVISJÓN

Þann 15. des verður hæfileikakeppnin “Brekkuvisjón” hjá 5., 6. og 7.bekk (4.bekkur fær að horfa á). Þessar hátíð hefur tekist verulega vel og börnin sýnt mikla hæfileika. Heimir tónmenntakennari skipulagði æfingar á sal og er undirbúningur löngu hafinn. Úrslit verða sett á heimasíðuna. **SÓ**

Myndir úr saumum og smíðum.

Dagur íslenskrar tungu, tókst í alla staði vel enda umræðuefnið okkar “ástkæra og ylhýra”. Allir 8.bekkir á Akureyri hittust í Brekkuskóla. Umræðuefni dagsins var : “með eða móti skólabúningum”, “hækkun bílprófsaldurs” og “frjáls mæting í tíma”. Framsögn ræðumanna var fjölbreytt og afar lífleg. Það er eins og allir hafi gaman af einhverskonar orðaglímu á þessum dögum. Allir 9. bekkir mættu í Síðuskóla og gerðu efninu skil en 10. bekkir háðu sína orðaglímu í Lundarskóla. Greinilegt er að þessi dagur sameinar vel aldurshópana á Akureyri og er ómissandi þáttur í samstarfi skóla. **SÓ**

VALGREINAKVÖLD SÍÐASTA MIÐVIKUDAG

Lokaverkefni hjá valgreinunum: **Söngur og framkoma, tónlist og tölvur og stórhljómsveit. Félagsmálaval** sá um umgjörð hátíðarinnar sem og auglýsingar. **Heimilisfræðihópur** sá um veitingar fyrir þátttakenndur og 10. bekkur var með kaffi og vöfflusölu. Heimir, Hanna Dóra og Anna Guðný voru kennarar valhópanna og tókst kvöldið mjög vel að þeirra sögn. Nemendur stóðu sig með mikilli prýði. Fleiri myndir má sjá á heimasíðunni. **SG**

Gleðileg jól!